



## Þrír Flökkusteinar

Bjargið var fljótandi áður en það harðnaði en það var ekki bjarginu að kenna. Umhverfið var of kalt fyrir það. Það leitaði ekki að þessum stað og tók enga ákvörðun um staðsetninguna. Það var heldur ekki ákvörðun þess að harðna. Einn daginn yrði það aftur fljótandi. Á þeim degi myndi framtíðin skila því aftur til upprunans. Þá fengi það tilvist sína aftur í öðru formi og fljótandi um í hitastigi sem gæfi því kost á að vera til.

Þekkingin hlaut sömu örlög og bjargið. Henni var skipt í heimspeki, trúarbrögð og vísindi.

En þetta varð ekki raunin með Jötna, þá tegund tröllanna sem Ísland byggja. Fólkið kom, truflaði ró þeirra og gekk inn í bústaði þeirra án þess að vita það. Tröllin tóku eftir því að fólkið tapaði virðingu sinni fyrir því sem var öðruvísi með tímanum og gekk það svo langt að fólkið var farið að eyðileggja bústaði tröllanna.

Áður fyrr sátu aðeins börn á þeim, eins og Sjón og Halldór Baldursson segja frá:

*Þeir voru uppi í sveit, strákurinn og steinninn.*

*Lítill fjölskylda úr borginni átti leið hjá, pabbi og mamma með son sinn á unglingsaldri.*

*Þau staðnæmdust fyrir framan strákinn á steininum og góndu á hann.*

*Strákurinn góndi ekki á móti, honum hafði verið sagt að það væri dónalegt að góna, hann skoðaði á sér fæturna.*

*„Aldrei má ég sitja á steini,“ sagði pabbinn.*

*„Steinar skíta út buxurnar manns, og svo er vont að sitja á þeim,“ sagði mamman.*

*„Tvisvar verður sá feginn sem á steinninn sest,“ sagði sonurinn, sem var sprenglærður af unglingi að vera. Hann leit spyrjandi á strákinn á steininum.*

*„Er það ekki?“<sup>1)</sup>*

Síðar ferðuðust sum tröllin út í heiminn til að sjá hvað hafði breyst á þessum árþúsundum sem liðið höfðu. Þau gerðu ráð fyrir því að heimspekin, trúarbrögðin og vísindin hefðu yfirgefið sinn sameiginlega grundvöll. Þeim virtist þetta „við bæði“ það sameiginlega með heimspekinni, vísindunum og trúarbrögðunum. Trúin fór í eintölu inn á við. Vísindin fóru í fleirtölu út á við í samfélag margra. Og heimspekin í tvítölu fór inn á við og út á við, í ræðum og samtölum sem krefjast aðeins tveggja og aldrei fleiri. Í hverjum aðskilnaði mátti finna villu, sameinaða í eitt sjálf. Leiðir að þekkingu eru jafnmargar fólkinu.

Og þar sem þau fundu á ferðum sínum að fólkið varð stöðugt heimskara en ekki vitrara með aðskilnaðinum og aðferðir þeirra báru þess merki að þau ætluðu sér ekki að breytast, fóru þau frá Íslandi í leit að stað sem gæti veitt þeim hæli.

En þetta er bara mín persónulega túlkun. Því ég hef aðeins skráð það sem ég taldi mig heyra. Það getur einnig verið að hávæer vindurinn hafi afbakað orð tröllanna á ferð þeirra í gegnum loftið að felustað mínum. Í vindinum blandast rödd vindsins þeirri rödd sem hann ber með sér. Og ég talaði aldrei við tröllin. Ég lét þau í friði. Af virðingu.

Ég veit aðeins eitt: þau ræða aðeins saman þegar enginn bíll er í nágrenninu og þegar þeim sýnist umhverfi sitt vera mannlaut. Og þau hafa fundið slíkan stað.

*Björn Eriksson, 24. febrúar 2014*

*Þýðandi: Guðrún Sævarsdóttir*

<sup>1)</sup> Úr Sögunni af húfunni fínu eftir Sjón og Halldór Baldursson.